

Fimmtudaginn 5. febrúar 1998.

Nr. 206/1997.

Ákærvaldið

(Símon Sigvaldason saksóknari)

gegn

Pór Ostensen

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Klám. Tjáningarfrelsi. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1997 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds. Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægari refsingar en dæmd var í héraði.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þær 67 myndir, sem um er fjallað í málinu, hafi verið klámmyndir í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem í héraðsdómi greinir, kom ákærði myndunum fyrir á heimasíðu sinni á svokölluðu interneti, þar sem leita mátti aðgangs að þeim um nokkurra mánaða skeið árið 1996. Hann skráði heimasíðuna hjá leitarstöð á vegum Hugmóta ehf. og einnig í erlendri leitarstöð, Netcrawler. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lagði verjandi hans fram staðfestingu frá Hugmótum ehf. á þeim skráningum, sem ákærði gerði í síðusafni félagsins. Af skráningum þessum verður ekki séð, að ákærði hafi merkt heimasíðu sína á þann hátt, að þar væri að finna svonefnt „heitt“ efni, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu ákærvalds. Ákærvaldið hefur ekki lagt fram í málinu skráningar ákærða í leitarstöðinni Netcrawler. Verður því lagt til grundvallar, að ákærði hafi ekki merkt eða kynnt heimasíðu sína á þennan hátt.

Ákærði setti myndirnar á heimasíðu sína án þess að búa svo um, að aðgangur annarra að þeim væri háður heimild hans. Verður því að líta svo á, að ákærði hafi boðið öðrum aðgang að myndunum. Þar með miðlaði hann efninu um internetið. Slík miðlun telst dreif-

ing í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, og breytir ekki þeirri niðurstöðu, að ákærði hafi ekki vakið sérstaka athygli á þessu efni, svo sem með merkingum í leitarstöðvum.

Ákærði ber fyrir sig ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar er heimilt að setja tjáningarfrelsi skorður til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Ákvæði 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga er lögbundin takmörkun á tjáningarfrelsinu í samræmi við þessa heimild. Takmörkunin er einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sem er af sama toga og nefnt ákvæði stjórnarskrár.

Loks ber ákærði fyrir sig jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Honum stoðar ekki í þessu skyni að benda á, að aðrir hafi ekki verið ákærðir fyrir samsvarandi háttsemi, enda réttlætir það ekki verknað hans.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um sakfellingu ákærða fyrir brot gegn 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af því, sem í héraðsdómi greinir um refsimat, svo og því, að brot ákærða var ekki stórfellt, það var ekki drýgt í auðgunarskyni og ákærði vakti ekki sérstaka athygli annarra á myndefni sínu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt í ríkissjóð. Skal hún greiðast innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, og komi ella sex daga varðhald í hennar stað.

Eftir þessum úrslitum verður ekki hjá því komist að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þór Ostensen, greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi sex daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. apríl 1997.

Ár 1997, mánudag 21. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-34/1997: Ákærvaldið gegn Þór Ostensen, sem dómtekið var 12. mars sl.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. 11. febrúar sl., höfðað „gegn Þór Ostensen, Túnbrekku 4, Kópavogi, kt. 100955-2109, fyrir birtingu og dreifingu á klámi með því að hafa frá því um mánaðamót maí-júní 1996 til 4. nóvember 1996 veitt almenningi aðgang að heimasíðu ákærða á internetinu, en á slóðinni <http://www.vortex.is/islenska/notendur/tor/animi.htm>. var að finna alls 72 klámfengnar myndir.

Telst þetta varða við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Þá er þess og krafist, að ákærði greiði sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð.

Undir rekstri málsins féll ákærandi frá kröfu um, að fimm framangreindra mynda væru taldar með klámfengnu efni.

Ákærði gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og að sakarkostnaður, þ. m. t. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., verði greidd úr ríkissjóði, en ef til sakfellingar kæmi, er krafist vægustu refsingar.

I.

Málavextir.

23. október 1996 barst Rannsóknarlögreglu ríkisins beiðni um rannsókn á ætluðu klámi á íslenskri heimasíðu á internetinu eða slóðinni <http://www.vortex.is/islenska/notendur/tor/animi.htm>. 31. október 1996 fór Óskar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður í þjónustufyrirtækið Skyggni, þar sem framangreind slóð var opnuð á internetinu með aðstoð Ólafs Jónssonar, starfsmanns fyrirtækisins. Var komið inn á heimasíðu, sem ber heitið Thors World og reyndist vera á vegum ákærða. Við skoðun slóðarinnar varð ljóst, að á henni var klámfengið efni, og voru þetta við fyrstu athugun 32 myndir, sem voru prentaðar út og hafa verið lagðar fram í málinu. 4. nóvember sl. lagði Rannsóknarlögregla ríkisins hald á tölvu ákærða og fylgigögn hennar, sem voru á heimili hans. Tölvun var aftengd og flutt ásamt skjá, lyklaborði og mús í skrifstofu RLR, þar sem búnaður var upp settur og tölvan ræst að ákærða viðstöddum, sem kannaðist við að eiga

heimasíðu á internetinu, er hefði verið sett þar inn með tilstuðlan netþjóns Hringiðunnar ehf. (vortex.is). Með samþykki ákærða var afritað af harðdiski tölvu hans á annan harðdisk það efni, sem var talið klámfengið. Voru afritaðar 1500 skrár í 34 skráarsöfnum, alls 30.109381 bytes, og var hinn afritaði harðiskur í vörslu RLR vegna rannsóknar málsins. Sama dag fóru rannsóknarlögreglumennirnir Óskar Sigurðsson og Smári Sigurðsson á skrifstofu Hringiðunnar ehf., þar sem rætt var við forsvarsmenn hennar, þá Sigurð Orra Skúlason framkvæmdastjóra og Magnús Sigurðsson stjórnarformann. Ákærði hafði heimilað, að ætlað klámfefni yrði afritað af heimasíðunni hjá Hringiðunni ehf. og svo að því loknu yrði efninu eytt af heimasíðum á internetinu, og var þetta framkvæmt af Magnúsi, og var efnið afritað á fimm disklinga, sem RLR tók til varðveislu og hafa verið lagðir fram í málinu. Efnið var svo afmáð af heimasíðunni. Staðfest var, að heimasíða ákærða var send á internetið af honum og væri opin til skoðunar af öllum þeim internet-notendum, sem áhuga hefðu á.

Forsvarsmönnum Hringiðunnar ehf. hafði ekki verið kunnugt um, að þetta efni væri á heimasíðu ákærða, og töldu ljóst, að óheimilt væri að hafa slíkt efni á heimasíðunni miðað við almennar siðferðiskröfur, en ekki væru til sérstakar reglur um efni, sem heimilt væri að setja á alnetið, en vísuðu til reglna „isnets“, sem ættu við um efni á internetinu.

Í notkunarskilmálum isnets, sem lagðir hafa verið fram, er þessi umferð á internetum að öllu jöfnu óleyfileg:

- „1. Umferð frá almenningnotendanöfnum eða fjölnotendanöfnum, sem ekki er unnt að auðkenna.
2. Notkun, sem truflar vinnu annarra á netinu eða netið sjálft eða veldur því, að notendur eða tölvur tapa gögnum.
3. Efni, sem almennt telst ærumeiðandi eða illfýsið.
4. Hvers kyns óumbeðin fjöldadreifing á upplýsingum, svo sem auglýsingar, stjórn málaáróður og keðjubréf eða dreifing efnis á póstlista, sem ekki kemur við viðfangsefni listans.
5. Notkun, sem veldur umferð á neti tengdu isneti og fer í bága við notkunarskilmála þess nets.“

Eldri notkunarskilmálar voru mjög á sama veg, nema þar er 3. gr. orðuð þannig: „Efni, sem talist getur mannskemmandi eða ósiðlegt.“

Samkvæmt samantekt starfsmanna Hringiðunnar ehf. var skráð heimsnotkun á slóðina <http://www.vortex.is/islenska/notendur/tor/animi.htm>., þar sem undir var aðgangur að þeim 72 myndum, sem málið snerist upphaflega um, á tímabilinu frá júní til október 1996, 1422, þar af 413 í júní og 486 í júlí.

Í upphafi aðalmeðferðar komu dómarnir í málinu, ákærandi, ákærði og

verjandi ákærða saman á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og fylgdust þar með, er Óskar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður sýndi á tölvum embættisins, hvernig aðgengið er að heimasíðu ákærða og hvernig átti að nálgast á alnetinu þær myndir, sem hann er sakaður um að hafa dreift. Þá var og kannað og sýnt, hvernig almennt er unnt að nálgast klámmyndir á alnetinu og hve framboðið er þar mikið af slíku efni. Þá voru og sýndar myndir af diskettu, dskj. nr. 7, en þar sést, að beint aðgengi er að „djörfu“ efni. Vitnið Magnús Sigurðsson, stjórnarformaður Hringiðunnar, var viðstaddur og skýrði tæknileg atriði. Þá hafa verið lögð fram fjögur tímarit með klámfengnu efni og myndum, sem keypt voru í Bílabúðinni Mjódd, þ. e. International Erotic-X film guide og Velvet, og í verslun Skeljungs hf. við Vesturlandsveg, þ. e. „Cats“, er sýni álíka efni eða grófara en það, sem ákærði er sakaður um að hafa haft á heimasíðu sinni.

Ákærði hefur játað, að inni á heimasíðu sinni, sem beri heitið Thors World, séu þær 67 kyrrmyndir, sem hann sé sakaður um að hafa dreift og sýni nekt fólks og kynfæri, ýmist í hvíldar- eða nærmyndum. Hann taldi þetta ekki vera klámmyndir, heldur erotískar myndir; sams konar myndir væru alls staðar á netinu og hann því ekki talið þetta brotlegt. Hann kvað eitthvert efni á heimasíðu á internetinu ekki vera dreifingu, því að sækja yrði efnið í sérstakt hólf eða geymslu.

Ákærði kvaðst hafa áhuga á slíkum erotískum myndum og taldi marga aðra hafa haft áhuga á sams konar efni, t. d. kunningjafólk og fleiri, og hann sett þetta efni inn á heimasíðu sína því til ánægju og yndisauka. Hann kvaðst hafa verið að æfa sig í heimasíðugerð og þá hafa haft hliðsjón af því, sem aðrir væru með á heimasíðum sínum, og þetta verið m. a. samsvarandi efni. Hann kvaðst hafa sótt myndirnar inn á heimasíðu ýmissa aðila á internetinu, en með því að fara inn á svonefndar bakskrárvélar sé lítil fyrirhöfn að finna slíkt efni á vefnum. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sérstaklega eða auglýst, að inni á heimasíðu sinni væru erotískar síður, nema í samskiptum við kunningja á spjallrásinni. Frá miðju ári 1996 hefði hann verið með nafn heimasíðu sinnar á leitarstöðinni Hugmótum, sem sé alhliða leitarstöð. Að henni hafi allur vefurinn aðgang, og úti í heimi sé leitarvél, sem kallist Web-crawler og leiti og finni, hvar tiltekið efni, sem beðið er um, sé að finna. Ákærði kvaðst ekki hafa haft neinn ágóða af því að hafa myndirnar á heimasíðu sinni og ekki hafa gert ráð fyrir, að haft yrði samband við sig, til að hann upplýsti, hvar hinn leyndi hnappur væri, né að það væri ákveðnum skilyrðum háð. Hann kvað enga skilmála hafa verið setta af Hringiðunni ehf. um efni, sem hann mætti setja á heimasíðuna. Eftir að heimasíðan var skráð hjá Hugmótum, kvaðst hann ekki hafa sett inn nein leitarorð, sem

auðveldað hefðu fólki úti í heimi að finna efni, sem kallað væri klám. Hann kvað muninn á heimasíðu sinni og öðrum slíkum, innlendum og erlendum, þar sem klámfengið efni væri á boðstólum og jafnvel ógeðfelldar sora-myndir, að aðgengið að þeim væri miklu auðveldara en að myndunum á heimasíðu sinni. Ákærði kvaðst hafa reynt að hafa aðgengið að framan-greindum erotískum myndum eins flókið og mögulegt var, og þó að það hefði ekki verið miðað við sérstakan hóp, hefði þurft nokkra þekkingu og leit til að komast að myndunum. Hann lýsir þessu nánar svo hjá RLR:

„Við það að fara inn á heimasíðuna er komið inn á forsíðu, þar sem mik-ið er af slóðum að ýmsu efni, m. a. sé slóð inn á „hot“ síður. Á forsíðu er kynnt, að á síðunni sé efni ætlað átján ára og eldri. Til að komast áfram á fyrrgreindar síður þurfi að ýta á hnapp, en við það komi viðvörunarskilti, þar sem á standi: „Með því að ýta á OK-hnappinn ertu að staðfesta, að þú sért orðinn átján ára eða meira!! Um leið ertu að staðfesta, að þér ofbjóða ekki myndir og efni, sem tengjast nekt og kynferðislegum athöfnum.“ Á eftir þessu sé val um staðfestingu eða að hætta. Næst á eftir þessu sé komið inn á síðu, þar sem sama viðvörun blikar með rauðu lettri, og þeim, sem ekki séu orðnir átján ára, sé bent á aðra möguleika. Jafnframt er á sömu síðu kynnt, að falinn sé rofi til framhalds, en hann sé vandlega falinn og geti fáir fundið hann nema með góða tölvukunnáttu. Þegar rofinn er fundinn, sé komið á enn eina síðu, þar sem letrað sé: „Ef þú ert ekki orðinn átján ára eða eldri, farðu þá núna. Hins vegar, a) ef þú ert viss um, að þú viljir halda áfram, b) að myndefni fyrir fullorðna, ADULTS, hneyksli þig ekki, c) að þú brjótir engin lög í því landi, sem þú ert í nú, d) að þú ert að fara hingað af eigin fúsum og frjálsum vilja og af því að þig langar til þess, farðu þá HÉR (þar sem með því að ýta á HÉR er haldið áfram). „Eftir þetta sé komið inn á síðuna, sem ber heitið animi.htm. Þarna birtist skjámynd, þar sem á standi m. a. EROTIC pic's & Animi pic's, ásamt viðvöruninni for Adults only. Jafnframt séu á skjámyndinni rofar til að opna fyrrnefndar myndir og enn aðrir rofar til aðgengis að fleiri myndapökkum, þar sem eru svonefndar Animi-myndir, sem eru teiknaðar myndir af nöktu fólki, m. a. í kynferðisstellingum. Einnig er rofi til aðgengis að myndum af nöktum karl-mönnum, sem sýna kynfærin, og annar með svonefndum Amateur-mynd-um, sem séu myndir leikmanna af nöktu kvenfólki, m. a. í kynferðisstelling-um, þar sem kynfæri sjást.

Á sömu síðu séu hnappar, svonefndir „linkar“, sem veiti aðgengi að tveimur erlendum síðum tengdum sama efni, þar sem ótalinn fjöldi slíkra mynda er til boða.“

Vitnið Magnús Eiríkur Sigurðsson, tölvufræðingur Hringiðunnar ehf.,

kvað ákærða hafa geymt heimasíðu sína í tölvu Hringiðunnar ehf. Væri félagið með netþjónustu og gæti breytt heimasíðum, hvenær sem væri, en kvað félagið ekki hafa eftirlit með netþjóninum. Netþjónninn sé flytjandi án ritskoðunar, og sé ekki til nein aðferð til að takmarka hann á internetinu, en hins vegar væri til læsingarforrit, sem sett væri í heimatölvur til að koma í veg fyrir, að t. d. börn kæmust að efninu. Vitnið kvað í eitt skipti hafa verið svo mikla umferð á netkerfi Hringiðunnar ehf., að kerfið hefði nánast stöðvast. Þá hefði komið í ljós, að umferðin var öll inn á efni, sem ákærði var með. Efnið hefði þá verið fært til í kerfinu, svo að það varð ekki aðgengilegt, en þarna höfðu klámfengnar myndir á síðu Þórs farið inn á síðu eða slóð erlendis. Hann kvað það mestmegnis hafa verið útlendinga, sem reyndu að nálgast efnið hjá ákærða, en meiri hluti þeirra ekki komist að myndum, þar sem þeir hefðu ekki fundið hinn falda hnapp. Hann kvað menn hafa þurft að leggja meira á sig en almennt gerist erlendis til að komast að hinu klámfengna efni á heimasíðu ákærða. Fyrst hafi verið 2–3 viðvaranir, en svo hafi komið ósýnilegur hnappur. Þeir, sem kunni vefsíðugerð, ættu að finna staðinn án þess að leita með músinni. Hann kvað almennt þurfa að greiða fyrir skoðun á klámfengnu efni, ef ásókn yrði ekki svo mikil í efnið, að það kaffærði allt annað. Yfirleitt væri boðið frítt upp á sýnishorn, 10–15 myndir, en svo væru kreditkortaviðskipti, ef menn vildu meira, en á kortinu kæmi fram aldur hlutaðeigandi. Hann kvað mikið leitað eftir klámfengnu efni á internetinu, og sé talið, að um 90% notenda hafi einhvern tíma verið að leita að slíku efni, og ekki væri fjarri lagi, svo sem kæmi fram í Viðskiptablaðinu 26/1–4/2 '97, að 47% þeirra, sem beita leitarforritum á netinu, væru að fiska eftir klámi.

II.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða og rannsóknargögnum þeim, sem rakin eru hér að framan, er sannað, að ákærði var með þær 67 myndir, sem tilgreindar eru í ákæru, á heimasíðu sinni á alnetinu, en hann var tengdur því um netþjónustu Hringiðunnar ehf.

Allir, hvar sem þeir voru í heiminum, sem tengt höfðu tölvur sínar inn á alnetið, gátu komist inn á heimasíðuna í heimatölvu ákærða, og eftir að hann skráði heimasíðuna í leitarstöðinni Hugmótum, var miðað við kynningu hans á forsiðu heimasíðunnar unnt með aðstoð leitarstöðvar að fá upplýst án þess að tengjast heimasíðunni beint, að á henni væru ákveðnir flokkar af efni, þ. á m. svonefnt „hot“ efni. Til þess að kanna þetta nánar þurfti að tengjast heimasíðu ákærða, Thors World, og rekja slóðina á

heimasíðunni að því efni, sem hlutaðeigandi vildi sjá, t. d. það, sem kynnt var sem „hot síða“. Áður en komist verður að þessari síðu, eru viðvaranir um, að efnið á síðunni sé ekki ætlað yngri en 18 ára, og loks er komið að síðu, þar sem kynnt er, að falinn sé á henni hnappur eða rofi til framhalds. Upplýst er, að hnappur þessi var vandlega falinn og að það kostaði mjög mikla leit að finna hann, nema menn hefðu mikla tölvukunnáttu. Er þetta staðfest með vætti Magnúsar E. Sigurðssonar, sem kvað meiri hluta þeirra, sem farið hefðu inn á heimasíðu ákærða til að sjá myndir, er taldar væru klámfengnar, ekki hafa komist að þeim, þar eð þeir hefðu ekki fundið hinn falda hnapp. Verður því ekki talið, að allir þeir, sem tengdu tölvur sínar alnetinu, hafi haft aðgang að og getað séð framangreindar myndir á tölvuskjá sínum, heldur verið um langtum takmarkaðri hóp að ræða. Líklegt er samt, að viðvaranirnar hvetji fremur en letji unglinga til að leita að þessum myndum, þar sem ákærði eða netþjónustan hefur engin tök á því að koma í veg fyrir, að yngra fólk en 18 ára kanni síðurnar með þessum myndum.

Það er mat réttarins, að með því að hafa framangreindar myndir á heimasíðu sinni sé ákærði að sýna þær og dreifa þeim til ótiltekins hóps manna, sem bæði geti skoðað þær á tölvuskjánum hjá sér og prentað út til frekari dreifingar. Skiptir það ekki máli hér, þó að notendur verði að hafa frumkvæði að því að sækja efnið inn á heimasíðu ákærða, og má jafna þessu við dreifingu klámmyndablaða í kjörbókabúðum, þar sem kaupandi verður að bera sig eftir þeim.

Telja verður, að eigandi eða rétthafi heimasíðu beri ábyrgð á því efni, sem þar er boðið fram, og eigi að svara um það til saka, hvort sem brotið er á rétti annars manns, svo að af hljótist fjárhagstjón, sem bæta beri, eða refsíákvæði brotin.

Ekki þykir orka tvímælis, að þær 67 myndir, sem ákært er út af og sýna kynfæri karla og kvenna, kynmök og aðrar kynlífsathafnir á opinskáan hátt, án þess að séð verði, að listrænn, fagurfræðilegur eða leikrænn tilgangur liggja að baki, eru klámmyndir í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki er fallist á, að 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 11. gr. laga nr. 97/1993, sé því til fyrirstöðu, að þessu ákvæði almennra hegningarlaga sé beitt gagnvart ákærða, en stjórnarskrárákvæðið hefur verið lagað að 10. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en í öllum þessum ákvæðum er gert ráð fyrir, að takmarka megi tjáningarfrelsi, ef það er nauðsynlegt til verndar heilsu og siðgæði manna o. fl., og verður 210. gr. talin vera innan þessa ramma.

Ákærði telst því hafa gerst brotlegur við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

ingarlaga með því að hafa 67 klámfengnar myndir á heimasíðu aðgengilegar almenningi, svo sem greint er í ákæru og á þargreindum tíma.

Ekki er leitt í ljós í málinu, að ákærði hafi birt framangreindar myndir á heimasíðu sinni í hagnaðarskyni. Að vísu gæti hinn faldi hnappur bent til þess, að til þess að fá aðgengi að myndunum yrði að hafa samband við ákærða, sem hafi þá getað gefið upp, hvar hnappinn væri að finna, gegn skilyrði um greiðslu, en því hefur hann mótmælt, og fær það ekki stöð í öðrum gögnum málsins. Við refsimat í málinu ber að taka tillit til þessa og einnig þess, að ákærði hefur verið samvinnuþýður og hjálpfús við rannsókn málsins og stuðlað að því, að myndirnar hafa verið teknar út af heimasíðunni eða eytt. Hins vegar verður að hafa til hliðsjónar, að ótiltekinn hópur barna og ungmenna gat haft aðgang að þessum klámfengnu myndum, án þess að ákærði gæti þar nokkru um ráðið. Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða með hliðsjón af 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði greiði í sekt til ríkissjóðs 90.000 krónur, og komi fimmtán daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Einnig sæti hann varðhaldi í 40 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1995.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl., sem ákveðast 60.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu vegna veikindaforfalla og anna dómarsins og einnig fleiri atvika.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þór Ostensen, greiði í sekt 90.000 kr., og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti og varðhaldi í 40 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1995.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 60.000 kr. auk virðisaukaskatts.